

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Grazax®

ATC flokkur: V01AA02 - ofnæmisvakar til ónæmingar við ofnæmissjúkdómum, grasfrjó.

Dagsetning: 15. september 2016

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Einstaklingar með nefslímubólgu og tárubólgu af völdum grasfrjókorna. Frjóofnæmi hafi verið staðfest með jákvæðu húðprófi og/eða sértæku IgE prófi fyrir grasfrjókornum.

og

- Meðferð með hagkvæmari lyfjum svo sem andhistamínum og barksterum hafi reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir komið fram við notkun þeirra. Tilgreina skal hvaða lyf hafi verið reynd og í hve langan tíma.

Umsókn skal gerð af sérfræðingi í ofnæmis- og ónæmislækningum.

Gildistími:

5 ár